

**Leiðsögn – félag leiðsögumanna,
stjórnarfundur haldinn 8.05.2024, kl 20.15. Fjarfundur.**

Fundinn sátu: Halldór Kolbeins (HK) formaður, Hildur Pöll Ágústsdóttir (HPÁ) ,varaformaður, Jens Ruminy (JR) gjaldkeri, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), ritari, Björn Júlíus Grímsson (BJG), meðstjórnandi, Daði Hrólfsson (DH), varamaður, Óskar Grímur Kristjánsson (ÓGK), varamaður.

Dagskrá fundar

1. Skjöldurinn – menntun leiðsögumanna
2. Félagsskírteini
3. Önnur mál

1.Skjöldurinn – menntun leiðsögumanna

Haukur Harðarson (HH) frá Hæfnissetri atvinnulífsins hefur svarað fyrirspurn varðandi skjöldinn. Í svarinu kemur fram að öllum skólum sem bjóða upp á leiðsagnarnám verður sent bréf og spurningalisti um námið hjá þeim . Skólarnir eru: Leiðsöguskóla Íslands (MK), Endurmenntun Háskóla Íslands, Ferðamálastólur Íslands og Símenntun Háskólans á Akureyri. Þegar svör hafa borist verður haldið áfram með vinnu varðandi skjöldinn.

2. Félagsskírteini

Hugmyndir um útlit og hönnun á nýju félagsskírteini og hverjir hafa rétt á að bera það . HK opnaði umræðuna og óskaði eftir skoðun fundarmanna á því hvort allir félagsmenn hafi rétt til að bera sama skírteinið. Allir utan GME voru á þeirri skoðun að eitt og sama skírteinið ætti að vera fyrir alla félagsmenn. Vinnunni við hönnun/útlit og hvað skuli standa í skírteininu verður fram haldið.

3. Önnur mál

a) Samþykktir reikningar og staða bókara:

GME spurði um samþykktir á reikningum sem berast Leiðsögn. GME taldi að alla reikninga þyrfti að leggja fyrir stjórn til samþykktar stjórnar áður en starfsmaður eða gjaldkeri greiddu þá. Aðrir stjórnarmenn voru óssamála og töldu að það þyrfti einungis að gera væru reikningar óeðlilega háir eða á einhvern annan hátt óeðlilegir. GME spurði þá hvort staðgengill bókara Leiðsagnar væri hættur störfum fyrir félagið þar sem bókarinn væri snúin aftur til vinnu.

b) Tölvupóstur:

BJG spurði hvort ekki nægði að svara tölvupóstum aðeins með „reply to sender“ í stað „reply to all“ því mikilvæg samskipti gætu týnst í „replu to all“ póstum. GME taldi það ekki nægja því mikilvægt væri að svara öllum þannig að allir viti svörin

Fundi slitið kl. 21:00.